

SAMÞYKKT

71

19. maí

um laxveiði á félagssvæði Fiskrættarfélagssins Hvítár og þveráa hennar.**1. gr.**

Á félagssvæðinu skal aðeins nota eftirtalin veiðarfæri: lagnet, króknet og stöng.

2. gr.

Net, sem fiskur getur ánetjast í, skal ekki vera meira en 40 metrar að lengd.

3. gr.

Við króknet skal aðeins hafa einn krók. Leyfilegt er að hafa einn leiðara við hvert króknet, sem má þó ekki vera lengri en 20 metrar, og skal leiðarinn vera af sömu gerð og fyrirstöðunetið.

4. gr.

Netjaveiðin á félagssvæðinu hefjist hinn 25. maí og endi hinn 10. ágúst. Frá 25. maí til 30. júní skal friðað fyrir allri netjaveiði frá föstudagskvöldi kl. 9 til mánudagskvölds kl. 9 og frá 1. júlí til 10. ágúst frá föstudagskvöldi kl. 9 til mánudagsmorguns kl. 9. Ef netjaveiði hefst síðar en 25. maí, skulu ofangreind ákvæði um styttingu veiðitímans og lengingu vikufriðunarinnar færast aftur tilsvareandi.

5. gr.

Fjöldi veiðarfæra í Hvítá skal vera eins og hér segir:

Hamraendar	3 lagnir
Hofsstaðir	2 —
Hvítárbakki	2 —
Stafholt	4 —
Svarfóll	3 —
Þingnes	6 —
Hvítárvellir	9 —
Ferjukot	6 —
Ferjubakki I	1 lögn
— II	2 lagnir
— III	1 lögn
— IV	1 —
Hvanneyri	3 lagnir
Stafholtsey	2 —
Neðranes	2 —

6. gr.

Stangaveiði skal leyfð til 31. ágúst í snemmgengnu ánum, en til 10. september í þeim síðgengnu. Stjórn félagsins ákveður eftir tillögu veiðimálastjóra, hvenær stangaveiði skal hætt í hverju fiskihverfi.

7. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt lögum nr. 112/1941.

8. gr.

Samþykkt þessi gildir til eins árs.

Samþykkt þessi staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnumálaráðuneytið, 19. maí 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Gunnl. E. Briem.